Jónas Jónsson (1901-1982), kennari, frá Brekknakoti

2013/76

Jónas Jónsson fæddist 1. júní 1901 í Brekknakoti í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru Jón Frímann Jónsson f. 10.2.1860, d. 28.11.1926 og Hólmfríður Jónsdóttir f. 14.12.1863, d. 31.1.1938. Jónas var næstyngstur átta systkina. Hann kenndi sig ætíð við fæðingarbæinn sinn.

Um tvítugt gekk hann í unglingaskóla á Breiðumýri í Reykjadal. Veturinn 1930-1931 var hann í íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal.

Jónas var farkennari á Tjörnesi og í Reykjahverfi í tvo vetur áður en hann fór svo til Svíþjóðar árið 1933. Hann var við nám í Svíþjóð næstu 3 ár, fyrst í íþróttakennaradeild Lýðháskólans á Tärna. Síðan á Jakobsberg og Tornby í Dölum. Þar kenndi hann einnig fimleika og vann þannig fyrir skólavist. Á sumrin vann hann á búgörðum og við önnur störf.

Jónas lauk kennaraprófi árið 1940. Hann var kennari við barnaskólann í Stykkishólmi frá 1940 til 1943 og var skólastjóri þar síðasta árið. Einnig var hann á sama tíma forstöðumaður barnaheimilis Rauða krossins í Stykkishólmi í þrjú sumur. Haustið 1943 var Jónas skipaður fastur kennari við Barnaskóla Akureyrar og vann þar til starfsloka.

Hann var formaður sambands Þingeyskra ungmennafélaga, ungmennafélagsins Snæfells og íþróttafélagsins Þórs, einnig var hann formaður karlakórs Akureyrar í nokkur ár. Jónas var félagsmaður í Góðtemplarareglunni og meðlimur í Kantötukór Akureyrar.

Hann skrifaði talsvert af greinum í blöð og tímarit, flutti útvarpserindi og fyrirlestra.

Jónas var giftur Borghildi Einarsdóttur, hjúkrunarfræðingi f. 1. nóvember 1927, d. 11. apríl 2023. Þau giftust 26. ágúst 1954 og áttu tvær dætur.
Jónas lést 12. janúar 1982.

Þessi afhending samanstendur af erindum sem Jónas flutti í útvarpi og á samkomum. Afhendingin barst frá Borghildi Einarsdóttur, eiginkonu Jónasar. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2006/38 og 2016/133.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
7. júlí 2026

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A-Jónas Jónsson				
A-Jónas Jónsson				**1937 - 1981**
A	1	1	1944 - 1979	Erindi flutt í útvarpi og á samkomum.
A	1	2	1937 - 1981	Erindi flutt í útvarpi og á samkomum.
A	1	3	1957 - 1958	Erindi flutt í útvarpi og á samkomum.